

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. apríl 2017
UST201704-087/Þ.K.
04.06

Umsögn - Þingsályktunartillaga um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra - 87. mál

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 7. apríls sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál

Umhverfisstofnun styður að skipaður verð starfshópur um málið og að unnið verði áfram með það góða starf sem unnið var við gerð þeirrar skýrslu frá árinu 2013 um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Umhverfisstofnun vill benda á að vinna við skýrsluna varð mun umfangsmeiri en áætlað var í upphafi. Í ljósi þeirrar reynslu telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skýrt verði í upphafi vinnu að hverju sé stefnt og hversu mikinn tíma nefndinni er ætlað. Á árinu 2016 var unnið minnisblað af veiði- og verndarteymi stofnunarinnar þar sem farið var yfir skýrsluna og helstu áherslatriði að mati stofnunarinnar voru dregin fram. Sem dæmi má nefna telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skilgreina betur hlutverk stofnana samkvæmt lögunum, hvernig meta eigi tjón af völdum villtra dýra og forsendur fyrir afléttingu friðunar vegna tjóns sem þau eru talin valda. Jafnframt um handsömun, uppeldi og hald á villtum dýrum. Stofnunin telur að það þurfi að fara í endurskoðun á þeim aðferðum og fyrirkomulagi sem beitt er til að halda niðri mink sem er framandi ágeng tegund í íslenski náttúru þar sem núverandi fyrirkomulag er ekki nógu markvisst.

Mikilvægt er jafnframt að setja inn ákvæði um seli og smáhveli sem og hálfvilltra dýra, þ.e. dýr sem ekki eru merkt í samræmi við dýraverndarlög og ganga villt (kanínur og villikettir).

Fara þyrfti vel yfir ný lög um náttúruvernd og dýravernd og hvernig þau sjónarmið sem þar koma fram endurspeglast í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Leggja þarf áherslu á verndun búsvæða villtra dýra og hvernig tryggja eigi að framkvæmdir hafi ekki áhrif á búsvæði þeirra.


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri

Virðingarfyllst


Bjarni Pálsson
Teymisstjóri